

Grundarfjarðarbær  
Borgarbraut 16  
350 Grundarfjörður

Reykjavík, 16. júní 2020  
UST202001-088/H.R.A.  
08.14.02

### **Efni: Svar við úrbótaáætlun og athugasemdum rekstraraðila**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 8. maí sl. þar sem stofnunin áformaði að leggja á Grundarfjarðarbæ dagsektir frá og með 18. maí sl. vegna frávika er fram komu í eftirliti stofnunarinnar á urðunarstað í landi Hrafnkelsstaða þann 26. júní 2019. Stofnunin veitti rekstraraðila frest til 15. maí sl. til þess að koma á framfæri sjónarmiðum sínum eða leggja fram tímasetta úrbótaáætlun. Þann 15. maí 2020 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

### **Frávikin eru eftirfarandi:**

1. Gr. 1.4. í fyrirmælum um frágang og vöktun. Frágangi á urðunarstaðnum er ekki lokið. **Rekstraraðili hyggst gera úttekt á stöðunni varðandi frágang á urðunarstaðnum og gera jafnframt áætlun um frágang kurlhauga og yfirlags á svæðinu fyrir 15. september nk. Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila og óskar frekari staðfestingar á úrbótum eigi síðar en 1. október 2020.**
2. Gr. 1.7. í fyrirmælum um frágang og vöktun. Rekstraraðili skal skrá upplýsingar um þau atriði sem talin eru upp í gr. 1.7. og skila skýrslu með niðurstöðum skráninga fyrir 1. maí ár hvert. Niðurstöður skráninga fyrir árið 2018 hefur ekki verið skilað. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila tókst ekki að ná sýnum úr brunnnum sumarið 2019 vegna þurrka en rekstraraðili stefnir að sýnatökum sumarið 2020.** Krafa í 1. tl. í gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun um að rekstraraðili skuli skrá upplýsingar um hvenær frágangi síðasta áfanga lauk, sbr. gr. 1.4, er í samræmi við 23. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs þar sem kveðið er á um að lokun urðunarstaðar, eða hluta hans, teljist ekki endanleg fyrr en Umhverfisstofnun hefur látið fara fram lokaskoðun á vettvangi, metið allar skýrslur sem rekstraraðili hefur lagt fram og ákvörðun Umhverfisstofnunar um lokun liggur fyrir. Stofnuninni hafa ekki borist allar nauðsynlegar upplýsingar frá rekstraraðila varðandi lokun urðunarstaðarins. Kröfur í 2.-7. tl. í gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun eru í samræmi við 2. tl. III. viðauka við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Enga undanþágu er að finna frá skilyrði reglugerðarinnar, Umhverfisstofnun hefur því ekki heimildir til að breyta eða falla frá þessum kröfum. **Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila um að mælingar fyrir sumarið 2020 verði lagðar fram hjá stofnuninni og það verði eigi síðar en 1. október 2020.**

3. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Allur atvinnurekstur, sbr. Viðauka I-V, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Urðun á aflögðum urðunarstað Grundarfjarðarbæjar er starfsleyfisskyld starfsemi sem rekin er án starfsleyfis. **Rekstraraðili hefur mótmælt þessu fráviki á þeim forsendum að urðun eigi sér ekki stað á aflagða urðunarstaðnum. Fram hefur komið í greinargerð sveitarfélagsins að á aflagða urðunarstaðnum fari fram losun á garðaúrgangi úr sveitarfélaginu, til hafi orðið jarðvegur sem ætti að geta nýst við frágang á aflagða urðunarstaðnum. Einnig kom fram að það sé ósk sveitarfélagsins að viðhafa þetta fyrirkomulag áfram.** Samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er urðun skilgreind sem varsla úrgangs á eða í landi sem ekki felur í sér frekari vinnslu hans eða nýtingu um fyrirsjáanlega framtíð, þá er endurnýting úrgangs skilgreint sem aðgerð þar sem aðalútkoman er sú að úrgangur verður til gagns þar eða hann kemur í stað annars efniviðar sem hefði annars verið notaður í tilteknum tilgangi, eða hann er útbúinn til þeirrar notkunar, í stöðinni eða úti í hagkerfinu. Samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er urðun úrgangs starfsleyfisskyld starfsemi hjá Umhverfisstofnun, sbr. 6.-7. gr. laganna og tl. 8 í II. viðauka við lög. Endurnýting úrgangs er starfsleyfisskyld starfsemi hjá heilbrigðisnefnd, sbr. 6. - 7. gr. og tl 8.5 í IX. viðauka við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. **Hvort sem að starfsemin á aflagða urðunarstaðnum telst vera urðun eða endurnýting úrgangs þá er slíkt starfsleyfisskyllt og ber sveitarfélaginu að sækja um starfsleyfi fyrir starfseminni. Umhverfisstofnun felst á að sveitarfélagið nýti gróðurúrgang úr sveitarfélaginu til frágangs og landmótunar á aflagða urðunarstaðnum en þar sem það telst starfsleyfisskyld starfsemi þarf sveitarfélagið þó að sækja um og fá útgefið viðeigandi starfsleyfi frá Heilbrigðisnefnd Vesturlands. Umhverfisstofnun óskar eftir uppfærðri úrbótaáætlun vegna fráviks er varðar urðun á aflagða urðunarstaðnum án starfsleyfis.**
4. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Allur atvinnurekstur, sbr. Viðauka I-V, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Urðun á óvirkum úrgangi á nærliggjandi svæði er starfsleyfisskyld starfsemi sem rekin er án starfsleyfis. **Rekstraraðili hefur mótmælt þessu fráviki á þeim forsendum að ekki sé um urðun að ræða heldur sé um að ræða „tipp“ til móttöku á óvirkum úrgang, þ.e. múrbrotum og jarðefnum. Sveitarfélagið hefur einnig gert athugasemdir við að Umhverfisstofnun hafi afskipti af starfsemi utan hins aflagða urðunarstaðar. Líkt og að framan greinir er urðun og endurnýting úrgangs starfsleyfisskyld starfsemi skv. lögum nr. 7/1998. Á nærliggjandi svæði fór fram urðun eða endurnýting úrgangs án starfsleyfis. Fram kemur í svari rekstraraðila þann 15. maí 2020 að sótt hafi verið um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar fyrir starfsemi á þessu svæði. Úrbótum vegna fráviks frá lögum 7/1998 um urðun vegna starfsleyfislausrar starfsemi á svæði nærliggjandi aflagða urðunarstaðnum telst því lokið.**

Umhverfisstofnun ítrekar að óskað er eftir uppfærðri úrbótaáætlun vegna frávíks nr. 3 hér að ofan, er varðar urðun á aflagða urðunarstaðnum án starfsleyfis. Stofnunin veitir rekstraraðila frest til 30. júní nk. til þess að skila inn uppfærðri áætlun um úrbætur vegna þess frávíks eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Að öðrum kosti verður haldið áfram með eftirfylgni málsins þaðan sem frá var horfið.


Varðandi frávik nr. 1 og 2 hér að ofan (er varðar gr. 1.4 og gr. 1.7 fyrirmæla starfsleyfis um frágang og vöktun) felst stofnunin á úrbótaáætlun rekstraraðila og að frekari upplýsingar verði lagðar fram hjá stofnuninni eigi síðar en 1. október 2020.

Verði þeim frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er **72.600 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst



Skúli Þórðarson  
Sviðsstjóri



Helga Rut Arnarsdóttir  
Lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands